Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!

Stéttabaráttan



Málgagn Kommúnistaflokks Íslands/Marxista-Lenínista

Athugið að viðbót er komin við gíró-númerið 27810-6.

Ársáskrift..........3000 kr.
Hálfsársáskrift......1800 kr.
Ársfjórðungsáskrift..1000kr.
Baráttuáskrift (gildir fyrir heilt ár)........5000 kr

11. tölublað. Þriðjudagur 29. mars. 6. árgangur Verð kr. 60.

Orsök uppsagna: Of mikið álag - Of lítil laun

"Ófaglærð vinna bitnar einvörðungu á sjúklingunum, engir aðrir en hjúkrunarfræðingar ættu að stunda hjúkrunarstörf. Hjúkrunarfræðin er sjálfstæð starfsgrein, tengd læknisfræðinni, sem hefur þróast um aldaraðir. Þess vegna getur enginn ófaglærður gengið inn í þau störf" sagði Sigríður Benjamínsdóttir, þegar blaðamenn Stéttabaráttunnar fóru á fund hennar og Sigríðar Þorsteinsdóttur, sem báðar vinna á Vífilsstaðaspítalanum. Fremur hljótt hefur verið um baráttu hjúkrunarfræðinga, sem hófu fjöldauppsagnir þegar í október í fyrra og hafa unnið skylduvinnu, samkvæmt lögum um rétt ráðherra til að skikka ríkisstarfsmenn til vinnu, allt að þrjá mánuði, síðan í janúar.



„Samstaðan er eina trygging okkar fyrir sigri."

Mikið álag og vaxandi kjaraskerðing.

Á undanförnum árum hafa kjör hjúkrunarfræðinga eins og annara farið versnandi. Byrjunarlaun þeirra eru nú 102.440 kr. á mánuði og þær hækka fyrst eftir 4 ára starf upp í 109.148 kr. og eru það hæstu möguleg mánaðarlaun, sem hjúkrunarfræðingur getur fengið fyrir dagvinnu sína. Auk þess hefur sparnaður ríkisins leitt til þess að starfsálag hefur færst í aukana, alltof fáar hjúkrunarkonur eru á mörgum deildum og oft kemur það fyrir að bætt er við ófaglærðu starfsliði, en kennsla þess eykur vinnuálag hjúkrunarfræðinga til muna. Þetta gerir það að verkum, að hjúkrunarfræðingar hafa leitað annarar atvinnu. Þannig eru nú um 1500 hjúkrunarfræðingar sem borga árgjöld til hjúkrunarfélagsins, en aðeins 558 eru í fullu starfi og 226 vinna hlutastarf. Þessar tölur gilda fyrir landið allt. En erlendis eru líka 142 hjúkrunarfræðingar og á síðustu árum hafa hjúkrunarfræðingar flykkst til útlanda, sérstaklega Norðurlandanna. Við spurðum þær stöllur, hver kveikjan hefði verið að aðgerðunum og Sigríður Benjamíns. sagði okkur að það hefði verið úrskurður kjaradóms, sem felldur var í júlí s.l. og staðfestur í september, þegar úrskurður var felldur um kjör hjúkrunarfræðinga á Borgarspítalanum, sem hleypti uppsögnunum af stað. En óánægjan hafði grafið um sig fyrr og kjaradómurinn var raunverulega aðeins dropinn sem fyllti mælinn. Kjaradómur veitti okkur eins flokks hækkun, en það voru 3113 kr. á mánuði þá. Þessi úrskurður olli mikilli reiði hjá hjúkrunarfræðingum og varð til þess að u upp úr sauð.

"Hver átti upptökin að uppsögnunum?"

"Það vorum við sjálfar" segir Sigríður Þorsteins."Raunar byrjaði þetta með könnunarfundum á Borgarspítalanum og Landakoti, en við héldum líka könnunarfund hérna á Vífilsstöðum. Undirtektir voru mjög góðar, yfir 90% vildi segja upp og þegar við héldum aðra könnun, sem var bindandi svaraði yfirgnæfandi meirihluti því til, að hann vildi segja upp."

"Á Landsspítalanum var líka meirihlutinn fylgjandi uppsögnum, eða um 60%" bætir Sigríður B. við, "en þar skorti einhvern veginn framhaldið, þær sögðu ekki upp með okkur, en þær styðja okkur fyllilega. Það hefur nýlega verið athugað aftur."



„Við viljum geta lifað af 40 stunda vinnuviku..."

"Nýja stjórnin styður kröfur okkar".

Uppsagnirnar voru settar í framkvæmd í október í fyrra á Borgarspítalanum og á Landakoti, en við sögðum upp þann 15 október.

"Þeim var tilkynnt það þegar í október á hinum spítölunum, að þær yrðu skikkaðar til að vinna skylduvinnu í 3 mánuði, en við fengum ekki að vita það hér, fyrr en rétt áður en uppsagnir okkar gengu í gildi." segir Sigríður B. "Það var bagalegt að fá ekki að vita þetta strax að ýmsu leyti."

"Kusuð þið ykkur nefndir sjálfar eða stjórnaði Hjúkrunarfélagið því"?

"Við kusum nefndirnar sjálfar, þetta eru 3ja til 4ra manna nefndir og þær hafa ekki fengið viðurkenningu sem samningsaðili. Hjúkrunarfélagið getur ekki lögum samkvæmt staðið að slíkum uppsögnum, en nýlega hefur formaður félagsins lýst stuðningi við aðgerðir okkar".

"Var ekki sagt í fjölmiðlum að hún styddi ykkur ekki?"

Það var farið rangt með orð hennar, hún sagðist ekki hafa staðið á bak við aðgerðirnar í upphafi, en hún sagði ekki að hún styddi okkur ekki. Nýja stjórnin styður kröfur okkar og er reiðubúin að semja fyrir okkar hönd."

"Það hefur svo margt ósatt komið fram um baráttu okkar, til dæmis var sagt að nægilegt væri að helmingi færri hjúkrunarfræðingar störfuðu, til að hægt væri að starfrækja spítalana. En Georg Lúðvíksson framkvæmdastjóri Ríkisspítalanna hefur nú þegar hrakið þessa fullyrðingu að mestu í blaðagrein, þar sem hann segir að skortur sé á hjúkrunarfræðingum og að hann sjái ekki neina möguleika á að starfrækja spítalanna með helmingi færri hjúkrunarfræðingum."

"Óhugsandi að spítalarnir komist af án okkar."

Þær nöfnur sögðu okkur að álagið væri slíkt, að algengt væri að hjúkrunarfræðingar fengju ekki samfellt sumarleyfi og ef einhver yrði veikur væri oft ekki hægt að fá aukavaktir og þá yrðu hinir bara að bæta álaginu á sig. "Ófaglærð vinna bitnar einungis á sjúklingunum engir aðrir en hjúkrunarfræðingar ættu að stunda hjúkrunarstörf. Hjúkrunarfræðin er sjálfstæð starfsgrein, tengd læknisfræðinni, sem hefur þróast um aldaraðir. Þess vegna getur enginn ófaglærður gengið inn í þau störf." segir Sigríður Ben. "Geta spítalarnir komist af án ykkar?"

"Það er óhugsandi að spítalarnir geti komist af án okkar" segja þær, "hér eru t.d. um 80 sjúklingar og samkvæmt áætlun neyðarráðs á að senda 50 heim en þrjátíu verða hér áfram. En það er bara ekki hægt að senda fólkið heim, þetta fólk þarf hjúkrun og þar sem flestir vinna úti, eru heimilin algerlega ófær og óundirbúin undir að taka við sjúklingunum".

"Nú er oft sagt að það sé á ykkar ábyrgð að sjúklingarnir verði sendir heim. Eruð þið sammála þessu?"

"Við teljum að ríkið beri meiri ábyrgð á málinu, þótt við berum náttúrulega líka einhverja ábyrgð. Ríkið hefur ekkert komið til móts við okkur, kjörin hafa farið hríðversnandi og vinnuálagið stóraukist. Það eina sem ríkið hefur gert er að reyna að fá okkur til að bíða almennra kjarasamninga, auk þess að skikka okkur til að vinna í 3 mánuði."

"Fjármálaráðuneytið hefur ekkert gert í málinu," segir Sigríður Þ. " en það er samningsaðili okkar. Aðeins tveir óformlegir fundir hafa verið með heilbrigðismálaráðuneytinu, en fjármálaráðuneytið hef-

FRAMHALD Á BAKSÍÐU



Sigríður Þorsteinsdóttir og Sigríður Benjamínsdóttir hjúkrunarfræðingar á Vífilstaðaspítalanum.

Dagsbrúnarforystan víki fyrir verkamönnum

Félagsfundur í Verkamannafélaginu Dagsbrún var haldinn 20. mars og mættu þar um 150 verkamenn, sem er óforsvaranlega lág tala í jafn fjölmennu verkalýðsfélagi. Dagskrá fundarins var um kjaramál og hinn sjálfskipaði fundarstjóri Eðvarð Sigurðsson tilkynnti að Guðmundur J. Guðmundsson flytti framsöguræðu fundarins.

Í ræðu Guðmundar kom fram að Dagsbrúnarforystan hyggur á smávægilegar endurbætur á samningum félagsins svo sem fækkun á töxtum, starfsaldurshækkun launa og orðabreytingar á sumu af því sem misskilja má í fyrri samningum. Ótrúlegt er hve kröfur stjórnarinnar eru hógværar og miða allar að varnarbaráttu í kjaramálum. Sögulegt hlutverk verkalýðsstéttarinnar sem Marx og Engels sýndu fram á fyrir vel rúmlega 100 árum síðan, er að bylta af sér oki kapítalismans og afnema séreignaréttinn á framleiðslutækjunum. Á meðan verkalýðsfélögin setja þá baráttu ekki á oddinn eru þau stödd í vítahring þar sem kjarabaráttan endurtekur sig í lítillega breyttri mynd áratug eftir áratug. En Dagsbrúnarstjórnin vill engar gjörbreytingar á þjóðfélaginu, heldur einungis sigur Alþýðubandalagsins í næstu kosningum og velur þann kostinn að styggja ekki atvinnurekendur. Á fundinum var stjórnin harðlega gagnrýnd af verkamönnum en slíkt fer inn um annað eyrað og út um hitt á mönnum eins og Eðvarði, Guðmundi og Halldóri Björnssyni. Þeir ættu að nema það sem Maó kennir kommúnistum: að vera opinskáir og heiðarlegir, að iðka ekki baktjaldamakk og pukur. Og síðast en ekki síst beita gagnrýni og sjálfsgagnrýni, óvæginni, með kjörorðið:"Eining - gagnrýni - eining" í huga.

Baráttuhópur Dagsbrúnarmanna bar fram tillögu um að í næstu samningum berðist Dagsbrún fyrir því að fella niður eftirvinnutíma á öllum dögum og að í þess stað yrði borgað samkvæmt næturvinnutaxta ef unnið væri framyfir dagvinnu. Tillaga stjórnar um þetta efni var að fella niður eftirvinnu á föstudögum og síðan í áföngum á næstu árum. Samkvæmt fundarsköpum ber fundarstjórn að bera þá tillögu fyrr upp til atkvæða sem er róttækari, en Eðvarð spurði fundarmenn hvort menn væru ekki sammála um að bera báðar tillögurnar upp og sú sem fengi fleiri atkvæði teldist samþykkt. Þetta bragð lék Eðvarð vegna þess að hann vissi að hversu mörg atkvæði sem tillaga Baráttuhópsins fengi myndu verkamenn ekki fást til að greiða henni mótatkvæði. Þrátt fyrir háværmótmæli fór Eðvarð sínu fram og bar meira að segja tillögu stjórnarinnar fyrr upp til atkvæða því " best er að bera tillögur upp í þeirri röð sem þær koma fram" segir Eðvarð. Tillaga stjórnarinnar fékk 67 atkvæði en tillaga Baráttuhópsins 27. Af þessu sést best mikilvægi þess að verkamenn mæti á fundi í verkalýðsfélaginu sínu svo verkalýðsforkólfar sem eru að deyja eða eru dauðir úr öllum æðum og aftaníossar þeirra fái ekki að ráðskast með ákvarðanir sem varða lífsafkomu okkar. Víkjum slíkri verkalýðsforystu úr vegi okkar.

LEIÐARI

Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku

Framundan eru harðvítug átök. Kjaraskerðing síðustu ára hefur verið svo heiftarleg, að nú þarf verkafólk að afla nær helming tekna sinna með eftirvinnu. Vinnudagurinn er því raunverulega mikið lengri en hinar lögboðnu 8 stundir. Vinnudagurinn er hjá mörgum 10 stundir eða jafnvel enn lengri og þrátt fyrir það nægja launin naumlega fyrir framfærslu alþýðuheimilanna. Það er gegn þessu meini sem baráttan verður að snúast. Auðvaldið og talsmenn þess halda því fram, að ekkert sé "til skiptanna" og að þeir hafi ekkert að semja um. Ætlunin er að staðfesta kjaraskerðinguna í samningunum í vor og herða hana enn. Ástæðan er augljós. Auðvaldskreppan er þegar orðin mjög djúp og gróðamöguleikar auðherranna hafa minnkað að sama skapi. Til þess að halda gróða sínum og auka hann hafa atvinnurekendur aðeins eina aðferð, að skerða laun verkafólks. Þess vegna þykjast atvinnurekendur ekki hafa neitt til að semja um. En staðreyndirnar hrekja þessar lygar. Þjóðartekjur á mann hafa hækkað á undanförnum árum og stórfelld kaup nýrra atvinnutækja á borð við skuttogara hafa margfaldað upphleðslu auðsins. Barátta stéttanna birtist ljóslega í átökunum um lengd vinnudagsins og launin Annars vegar eru auðherrarnir, sem eignast stærri og afkastameiri atvinnutæki og auka gróða sinn. Hins vegar er verkalýðurinn, sem þrælar langan vinnudag og hefur vart í sig og á. Svo lengi sem verkafólk er sundrað og hugsar aðeins um hagsmuni síns hóps eða sína eigin, mun þetta ástand vara. Þegar verkafólk lærir að setja hagsmuni allrar stéttarinnar í fyrirrúm og lítur á sig sem meðlim verkalýðsstéttarinnar og baráttu sína sem baráttu gegn auðvaldsþjóðfélaginu, er árangurs að vænta. Hið helsta sem hindrar stéttvísi verkafólks, er stéttasamvinnustefna ASÍ-forystunnar og Alþýðubandalagsins. En þessir aðilar hafa sterk ítök í verkalýðshreyfingunni og reyna eftir mætti að leiða hana inn á brautir sátta og borgaralegrar kjarabaráttu. Þeir rækta þá trú með verkafólki að það verði að bera hag atvinnuveganna fyrir brjósti og láta sér nægja að ná fram "raunhæfum kröfum". Þannig ætla þeir að sundra samstöðu stéttarinnar og gera baráttu hennar "ópólitíska" og hættulausa fyrir auðvaldsþjóðfélagið. Þeir starfa með auðvaldinu á allan hátt og bera jafnan klæði á vopnin, þegar baráttan brýst út á einstökum vinnustöðum eða einstökum hlutum verkalýðshreyfingarinnar. Þegar mjólkurbúðastúlkur áttu í baráttu stóðu þessir menn hjá og börðust raunar gegn hagsmunum stúlknanna. Nú þegar hjúkrunarfræðingar eiga í harðri baráttu við ríkisvaldið þegja þeir líka. Það er aðeins þegar þeir halda að þeir hafi kosningahagsmuni af baráttu fólksins, sem þeir styðja hana. Þannig er "krafa" þeirra um 100 þúsund króna lágmarkslaun til komin. Hún er hvort tveggja í senn, sáttatilboð við auðvaldið og viðurkenning á kjaraskerðingunni. 100 þúsund króna lágmarkslaun þýða að verkafólk mun eftir sem áður verða að afla 1/3 af tekjum sínum með eftirvinnu.

Verkalýðshreyfingin verður að hafna þessu sáttatilboði stéttasamvinnumannanna við auðvaldið. Hún verður að letra á gunnfána sinn: Lífvænleg laun fyrir 40 stunda vinnuviku!

Kommúnistaflokkurinn er eina pólitíska aflið sem beitir sér fyrir 40 stunda vinnuviku á lífvænlegum launum. Allir aðrir aðilar innan sem utan verkalýðshreyfingarinnar styðja við bakið á svikurunum í ASÍ-forystunni og draga þannig úr baráttu verkalýðsins. Kjörorð baráttunnar verður að vera: Burt með ASÍ-broddana! Gerum verkalýðsfélögin að baráttutækjum!

Baráttueining gegn stéttasamvinnu á 1. maí!

1. Maí alþjóðlegur baráttudagur verkalýðsstéttarinnar nálgast. Hann er tákn fyrir alþjóðlega samstöðu öreigalýðsins, í baráttu hans gegn auðvaldinu. En verkalýðsstéttin safnast samt ekki undir fána kommúnismans á 1. maí. Hún er sundruð og tvístígandi og það stafar fyrst og fremst af áhrifum og leiðtogastöðu borgarastéttarinnar í verkalýðshreyfingunni sjálfri. Alþýðubandalagið er borgaralegur flokkur, sem klæðist gervi sósíalismans og notfærir sér hinn rauða fána til að halda baráttu verkalýðsins í skefjum. AB er sundrungarafl í herbúðum verkalýðsins, af því að það leiðir verkafólk frá byltingarsinnaðri afstöðu og dregur það undir vængi stéttasamvinnu við auðvaldið.

Alþýðubandalagið og ASÍ-forystan.

ASÍ-forystan hefur gengist fyrir skrúðgöngu á 1. maí undanfarin ár. En fyrir AB-prelátana innan ASÍ-forystunnar er 1. maí ekki dagur alþjóðahyggju og stéttabaráttu. Árum saman hafa forystumenn ASÍ boðað samvinnu við borgarastéttina og stuðning við heimsvaldastefnuna. ASÍ-forystan hefur gerst aðili að alþjóðlegum verkalýðssamtökum sem stjórnað er af CIA og að boði þeirra neitað að taka afstöðu gegn stríðsrekstri bandarísku heimsvaldasinnanna í Indókína og snúist gegn baráttu palestínskrar alþýðu fyrir rétti sínum til að stofna eigin verkalýðsfélög. Á sama hátt hefur ASÍ-forystan stutt sovésku heimsvaldastefnuna bæði leynt og ljóst. Stéttasamvinnustefna ASÍ-foringjanna felst í andstöðu þeirra við sérhverja baráttu og trú þeirra á eilífleika auðvaldsþjóðfélagsins. Flestir foringjanna eru þegar komnir á jötu auðvaldsins og hafa hagsmuni af arðráni auðherranna á verkalýðnum. Þess vegna telja þeir baráttu verkafólks vera "sundrungarstarfsemi". Núverandi höfuðvígorð ASÍ-forystunnar er dæmigert fyrir stéttasamvinnu hennar. Foringjarnir setja fram kröfuna "100 þúsund króna lágmarkslaun" og láta líta svo út, sem þetta sé raunveruleg baráttukrafa verkalýðsstéttarinnar allrar. Þeim láist að geta þess, að þeir eru sjálfir ábyrgir fyrir kjaraskerðingunum ásamt herrum þeirra, atvinnurekendunum og ríkisvaldinu. Þeim láist að geta þess, að nái þessi "baráttukrafa" fram að ganga, verður verkafólk samt sem áður að vinna 10 stunda vinnudag og hefur samt ekki nóg laun. Þessi "baráttukrafa" ASÍ-forystunnar er nákvæmlega eins hugsuð og krafa þeirra um 38% fyrir síðustu samninga. Þá var haft hátt og slegið um sig með "baráttukröfum", þar til komið var að samningunum. Þá var öllum hurðum skellt í lás og samið við atvinnurekendur um 5% hækkanir í áföngum og 1 árs samningstímabil. Hið sama mun verða upp á teningunum nú. "Baráttukrafan" um 100 þúsund króna lágmarkslaun mun verða á vörum stéttasamvinnupáfanna, þar til að samningar hefjast. Þá verður slegið af og slakað til. Verkalýðurinn getur ekki sett traust sitt lengur á ASÍ-forystuna, hún hefur svikið okkur áður og mun gera það aftur nú. Baráttan gegn atvinnurekendum verður að beinast gegn handlöngurum þeirra í verkalýðshreyfingunni um leið. Annars ber hún engan árangur. Þess vegna er nauðsynlegt að mynda baráttueiningu gegn ASÍ-broddunum á 1. maí.

Í taumi ASÍ-forystunnar

Ekki er ólíklegt, að Fylkingin og EIKm-l muni skipuleggja sjálfstæðar göngur á 1. maí. Fylkingin hefur áður staðið fyrir "Rauðri Verkalýðseiningu og mun að öllum líkindum gera það líka í ár. Trotskíistarnir í Fylkingunni hafa verið hvað harðastir forvígismenn sovéska risaveldisins innan Samtaka Herstöðvaandstæðina og gengið erinda sósíalheimsvaldastefnunnar í árásum sínum á Kína og marxismann-lenínismann. Á nýafstaðinni ráðstefnu herstöðvaandstæðinga lýsti einn óflokksbundinn félagi samtakanna, Fylkingunni svo:"Herstöðvaandstæðingar eiga tvo óvini, auðvaldið og Fylkinguna!" Hið sama er uppi á teningnum nú, Fylkingin hafnar algerlega baráttunni gegn Sovétríkjunum á 1. maí og lýsir yfir stuðningi við þau. Þá hefur Fylkingin tekið upp stuðning við ASÍ-forystuna í kjarabaráttunni og tekið upp kröfuna um 100 þúsund króna lágmarkslaun. Þannig dansar trotskíisminn eftir pípu stéttasamvinnustefnunnar og er verkfæri endurskoðunarsinna í baráttunni gegn kommúnismanum.

EIKm-l hyggjast nú auka enn á klofninginn á 1. maí, með því að skipuleggja eigin göngu sem heita á "Samfylking". Reyndar er hún ekki auglýst í nafni EIK, heldur "óháðra einstaklinga". Samfylking þessi hélt fyrsta fund sinn um daginn að viðstöddum 15 manns og fór fundurinn aðallega í árásir og níð um Kommúnistaflokkinn. EIK hefur sem kunnugt er hafnað einingu og samstarfi við Kommúnistaflokkinn á 1. maí og hyggst þannig auka á sundrunguna. Slík aðgerð er að okkar mati röng, því hún verður engum nema ASÍ-forystunni og borgaralegu verkalýðsforingjunum að gagni. Verkalýðsstéttinni er nauðsyn á samstöðu, einingu og eigingjörn hópsjónarmið verða að víkja fyrir hagsmunum stéttarinnar. Auk þess hefur EIK tekið undir rödd stéttasamvinnustefnunnar um "100 þúsund króna lágmarkslaun" og raunverulega snúið baki við baráttu og hagsmunum verkalýðstéttarinnar í þessu efni. Í stað þess að snúa bökum saman við Kommúnistaflokkinn og skipuleggja verkalýðinn til baráttu fyrir lífvænlegum launum og 40 stunda vinnuviku, sakar EIK Kommún

framhald á síðu 3



ÚR BARÁTTUNNI

Vinnuslys hjá hafnarverkamönnum

Í síðustu viku átti sér stað alvarlegt vinnuslys við Reykjavíkurhöfn, þegar stærsti lyftarinn hjá Eimskip keyrði yfir verkamann í pakkhúsi.

Slysið átti sér stað í svokölluðum A-skála. Svo háttar til þar að lýsing er slæm svo að birtan þar inni er eins og rökkur að kvöldlagi. Þegar lyftarinn kemur keyrandi inn í pakkhúsið um hálf tíu leytið um morguninn er sól og birta úti. Lyftaramaðurinn sem er einn þeirra bestu hjá Eimskip að sögn verkamannanna, blindaðist augnablik þegar hann kom inn í dimmuna úr sólarljósi og birtu og afleiðingin varð sú að hann keyrði yfir fótinn á verkamanni með margra tonna þunga lyftarans. Síðast þegar vitað var töldu læknar að það þyrfti að taka fótinn af, ef að verkamaðurinn ætti að lifa.

Í þessu tilviki er sökin hjá forráðamönnum Eimskips, sem tíma ekki að setja upp almennileg ljós í A skálanum, og bjóða þar með slysahættunni heim. Auðvaldið metur líf og heilsu verkamanna einskis þegar um er að ræða að spara tilkostnað við atvinnurekstur. Gróðinn er í fyrsta sæti.

Þrátt fyrir að mörg slys hafi átt sér stað við hafnarvinnu við Reykjavíkurhöfn, eins og til dæmis í fyrra þegar 18 ára gamall verkamaður hjá Togaraafgreiðslunni missti fót fyrir ofan læri við uppskipun á lausu salti þar sem notaður var krabbi, bólar ekki á því að úrbætur séu gerðar af hálfu verkalýðsfélagsins Dagsbrúnar. Í þessu tilviki, var um akkorðsvinnu að ræða, þar sem verkamenn kepptust við til að fá smávægilegan kaupauka með auknum vinnuhraða. Verkamenn neyðast út í akkorðsvinnu vegna þess að dagvinnukaupið er lélegt, það verður svo til þess að öryggið við vinnuna minnkar.

O

AKKORSVINNA VIÐ TOGARALÖNDUN

Okkar ágætu forystumenn í verkamannafélaginu Dagsbrún, vilja koma á akkorsvinnu við togaralöndum hér í Reykjavík. Varaformaður Dagsbrúnar Guðmundur J Guðmundsson gerði sér það ómak að koma til okkar karlanna niður í Togaraafgreiðslu til að skýra okkur frá þessu.

Þetta segja togaralöndunnarmenn sem allir sem einn telja, að varaformaðurinn gangi hér erinda togaraeigenda sem eiga og reka Togaraafgreiðsluna. Ef að til akkors kemur, verður ekki um fastráðningu verkamanna að ræða. Togararnir verða losaðir í einni striklotu hvenær sem er sólahringsins þegar þeir koma inn. Mikil samkeppni verður á milli verkamanna og þeir eldri og reindari sem hafa unnið í áraraðir verða að víkja fyrir þeim yngri og hraustari, sem sjá þarna tækifæri á uppgripavinnu fyrir utan aðra vinnu, án þess að skilja að togaraeigendur stórauka gróða sinn. Hásetarnir og aðrir skipsmenn fá minni tí

framhald á síðu 3

HVERNIG KEMST ÞÚ Í SAMBAND VIÐ KOMMÚNISTAFLOKK ÍSLANDS ML?

Miðstjórn: Pósthólf 1357. Reykjavík, einnig í síma 27810
Ritstjórn Stéttabaráttunnar og Rauða Fánans: Pósthólf 1357, sími 27810 á opnunartíma Rauðu Stjörnunnar Lindargötu 15.
Neskaupstaður: Messíana Tómasdóttir, Þiljuvöllum 38.
Snæfellsnes: Sigfús Almarsson Hellisbraut 10. Hellissandi.
Ísafjörður: Kristinn Karlsson Fjarðarstræti 7.
Hafnarfjörður: Fjóla Rögnvaldsdóttir, Reykjarvíkurvegi 24.
Suðurnes: Einar Jónsson Sólvallagötu 40c Keflavík.

framhald af síðu 2

BARÁTTUEINING...

istaflokkinn um klofningsstarfsemi innan verkalýðshreyfingarinnar. EIK telur að þeir sem snúast gegn stéttasamvinnustefnu ASÍ-forystunnar séu klofningsafl innan verkalýðshreyfingarinnar. Slík afstaða er röng og þjónar ekki hagsmunum verkalýðsins. Það gildir einu hvort EIK telur verkalýðinn vera "nægilega þroskaðan" til að skilja kröfuna um 40 stunda vinnuviku á lífvænlegum launum, eða ekki. Á sama hátt mætti fullyrða, að verkalýðurinn væri ekki "nægilega þroskaður" til að skilja sérhverja baráttukröfu og hafna henni á þeim forsendum. EIK skilur ekki að stéttaþroski skapast í baráttunni fyrir hagsmunum stéttarinnar, að verkafólk herðist í baráttunni og reynslan færir því heim sannin fyrir réttmæti stéttabaráttunnar. Hvorki Fylkingin né EIK setja hagsmuni verkalýðsstéttarinnar á oddinn á 1. maí, bæði samtökin ganga í taumi ASÍ-forystunnar.

Baráttueining gegn stéttasamvinnu 1977

Kommúnistaflokkurinn hefur reynt að skapa víðtæka samfylkingu gegn stéttasamvinnu á 1. maí undir merkjum Baráttueiningar 1977. Allt útlit er fyrir að þessi samfylking verðir ekki eins öflug og hún gæti orðið, ef EIK léti af eigingjörnum hópsjónarmiðum sínum. En Kommúnistaflokkurinn mun samt sem áður skipuleggja baráttuna gegn stéttasamvinnunni á 1. maí, þótt EIK gangi ekki til liðs við hann. Kröfur Baráttueiningar eru mótaðar samkvæmt kröfum fjöldans og hagsmunum og Kommúnistaflokkurinn er reiðubúinn að samfylkja með sérhverjum þeim, sem vill berjast fyrir hagsmunum stéttarinnar. 1. Maí er baráttudagur verkalýðsins og Kommúnistaflokkurinn mun starfa af alefli til þess að gera veg stéttabaráttustefnunnar sem mestan þann dag. Við setjum fram kröfuna: Burt með ASÍ-broddana - gerum verkalýðsfélögin að baráttutæki, sem yfirskrift baráttunnar gegn stéttasamvinnunni. Önnur mikilvæg krafa er um 40 stunda vinnuviku á lífvænlegum launum. Vígorðið "Gegn styrjaldarundirbúningi risaveldanna tveggja - USA og Sovét." dregur saman afstöðu flokksins til alþjóðaástandsins og hvetur til skipulagningar gegn stríðshættunni. Flokkurinn setur fram margar aðrar kröfur, sem birtar voru í síðasta tölublaði Stéttabaráttunnar. Á 1. maí í ár er aðeins einn valkostur fyrir verkafólk og alla byltingarsinna, ganga "Baráttueiningar". Við hvetjum alla sem vilja gera 1. maí að raunverulegum baráttudegi verkalýðsins til að hafa samband við framkvæmdanefnd. "Baráttueiningar 1977" í síma 27810 og taka þátt í undirbúningsstarfinu. Fljótlega verður haldinn fyrsti undirbúningsfundurinn fyrir 1. maí, og verður hann auglýstur nánar síðar.

Rauður vettvangur
Frá lesendum

AF GEFNU TILEFNI

Orð og athafnir manna eru oft í hróplegu ósamræmi t. d. á þetta við um loforð ASÍ forystunnar um að berjast til þrautar fyrir raunhæfum kjarabótum en svíkja svo þegar til athafnanna kemur. Þetta er í daglegu tali kallað að hugsa meira um eigið skinn en hagsmuni þeirra sem á að berjast fyrir. Um tvöfeldnina mætti nefna mörg dæmi, en ég læt nægja að bæta einu við. Í hinni nýju "Baráttuleið alþýðunnar" sýna EIK ml okkur hvað hyldýpið milli orða og athafna getur verið mikið hjá þeim sjálfum. Einn kaflinn í bókinni fjallar um "myrkraverk" KSML á sínum tíma, þar er allt tínt til sem má vera þeim til álitshnekkis, en auðvitað varast að segja frá því að höfundar þessa ritling voru á sama tíma að gæla við endurskoðunarstefnuna í Fylkingunni og kölluðu hana þá gjarnan marxleninisma. En nó um það, einn af höfuð "glæpum" KSML er talinn vera að vilja ekki taka þátt í samfylkingu af öllu tagi og eitt dæmi er tekið til að sýna fram á að KSML hefði jafnvel ekki gert upp við þessa "vinstrihentistefnu" 1975. Þetta dæmi hljóðar svo: "Þrátt fyrir uppgjör það sem fram hefur farið innan KSML má "vinstri" hentistefnan sín enn mikils. 1. maí 1975 kusu samtökin heldur að vera með eigin aðgerðir en taka þátt í samfylkingu og hafa ekki svarað fjölda samstarfstilboða EIK (ml)". Nú er manni spurn enef það er "vinstri" hentistefna hjá KSML að hafa ekki náð samstarfi við EIK (ML) á 1. maí 1975 er það þá ekki miklu frekar "vinstri" hentistefna hjá EIK (ml) að neita samstarfi við KFÍml 1977 á 1. maí, auk "fjölda samstarfstilboða". Það virðist ekki vera um það að ræða, alla veganna örlar ekki á neinni sjálfsgagnrýni vegna þessa augljósa misræmis sem er milli orðs og æðis ífari þessara dæmalausu samtaka. Þess í stað slá þeir um sig með frösum eins og "EIK (ml) eru einu og sönnu marxleninistarnir á Íslandi " eða "Þeir einu sem eru viðurkenndir af heimshreyfingunni " og öðrum álíka gáfulegum. Óheilla þróun EIL (ml) er slík að KFÍml hlýtur að fordæma þau klofnings vinnubrögð sem þeir stunda í dag. Falsanir og ligar eru og munu verða afhjúpaðar innan verkalýðshreyfingarinnar hvort sem höfundar þeirra heita EIK (ml), eða ASÍ.

Ófróður.



... í stuttu máli

Ný nazistar með hryðjuverkastarfsemi gegn Október-bókabúðum í Noregi.

Aðfaranótt mánudagsins 14. mars var Október-bókabúð norður í bænum Tromsö sprengd í loft upp. Húsið er á þremur hæðum og búið er á þeirri efstu. Mesta mildi var að enginn lét lífið við sprenginguna. Næturverðirnir (tveir) höfðu skroppið frá, en fólkið á efstu hæðinni varð óþægilega fyrir barðinu á hryðjuverkamönnunum. Það lokaðist inni, en var grafið út af lögreglunni. Rúður brotnuðu í húsum í 100 m fjarlægð allt í kring um staðinn.

(Eftirfarandi er þýtt úr viðtali fréttamanns norska Dagblaðsins við Hermann Kristoffersen, fulltrúa Röds Valgallianse (kosningabandalag) í bæjarstjórn Tromsö, og talsmann Októbers-forlagsins á staðnum)

Mánud. 14. 3. '77.

-Við álítum hryðjuverkið á bókabúð Októberforlagsins sem beint morðtilræði. Venjulega eru tveir næturverðir á staðnum til þess að verja hann fyrir skemmdarverkum og þau sem komu sprengjunni fyrir vissu þetta..... Ég er alveg viss um að ný-nazistarnir standa á bak við tilræðið og að þeir hafi staðið á bak við fleiri skemmdarverk gegn forlaginu, bæði eyðileggingar og sprengjuingum og sprengjutilræðum.

Þegar lögreglan svæfir kæranir í sambandi við innbrot og skemmdarverk á bókabúðina okkar, þá er hún beint að verja harðan kjarna ný-nazista. Við vitum um að minnsta kosti einn ný-nazisti er í þrekæfingum með lögreglunni. Það skýrir etv. hvers vegna hlutirnir eru þaggaðir niður.... Því miður hefur lögreglan ásamt dagblöðum í Tromsö verið með í því að fá andrúmsloftið meðal ákveðinna afturhalds hópa (afla- þ. e. nazistarnir) gegn forlaginu....

Í gær hengdum við upp plaköt fyrir utan búðirnar okkar sem voru einfaldlega til þess að skýra frá áliti okkar á því sem gerst hafði, en þau voru fjarlægð af lögreglunni. Þegar við síðan hengdum upp ný plaköt voru viðkomandi (þau er það gerðu) handtekin, en þó sleppt fljótlega. Þetta ásamt fjölda annarra mála sem svæfð hafa verið í sambandi við skemmdarverk á búðunum verður til þess að við fáum stöðugt minna álit á rannsóknum lögreglunnar.

Verum á varðbergi gegn nýnazistum á Íslandi, með því að afhjúpa stöðugt ætlanir þeirra og starfsaðferðir, með hliðsjón af reynslu stéttabræðra okkar á Norðurlöndum

And-fasisti. 21/3 '77.

Alþýðumenning: í þjónustu Alþýðunnar

Til er félagsskapur sem nefnist Alþýðumenning. Til að kynnast þessum félagsskap nánar, og kynna hann lesendum STÉTTABARÁTTUNNAR fór blaðamaður hennar á fund tveggja liðsmanna félagsskaparins, þeirra Árna Hjartarsonar og Jóns Daníelssonar.

Hvað merkir orðið Alþýðumenning? Í munni margra er það nú öll menningarviðleitni, sem alþýðufólk sýnir. En hjá okkur er það í ofurlítið sérstakri merkingu. Það er framsækin menning sem beinist gegn öllum borgaralegum hugmyndum og stefnir útfyrir hið borgaralega þjóðfélag. Í stefnuskrá samfylkingarinnar stendur um þetta atriði m. a.: "Alþýðumenning þjónar raunverulegum hag alþýðufólks. Til þess að svo sé þarf hún að uppfylla eitt og helst fleiri þessara skilyrða: a) Hafa áhrif á þjóðfélagið til varanlega hagsbóta fyrir alþýðu. b) Auka samheldni og baráttugleði alþýðufólks. c) Vera fólki afþreying, án þess þó að slæva þjóðfélagslega meðvitund þess."

Hvað er félagsskapurinn Alþýðumenning? Það eru liðsmannasamtök eða samfylking, byggð upp á einstaklingsaðild. Geta allir þeir, sem vilja vinna að framgangi markmiða samfylkingarinnar, orðið liðsmenn eftir að hafa starfað á vegum samfylkingarinnar í starfshópi eða kynnt sér starf hennar á sambærilegan hátt.

Hvers vegna var þessi félagsskapur stofnaður? Alþýðumenningarhópurinn er ekkert einstakt fyrirbrigði. Fleiri slíkir hópar hafa verið myndaðir hérlendis og erlendis. Það gerist þegar fólk finnur hjá sér þörf til að sporna gegn forræði borgarastéttarinnar í menningarlífi Snemma á þessari öld voru stofnaðir hliðstæðir hópar hér og þar um lönd. Leikhús þýska skáldsins Brechts ber þar líklega hæst. Hérlendis má minna á Rauða Penna og Mál og Menningu. Oft verða það örlög svona hópa að færast yfir á kapítalískan rekstrargrundvöll og er MM dæmi um það. MM hefur auðvitað gefið út margt gott á liðnum áratugum og gerir enn en fyrirtækið stjórnast af kapítalískum sjónarmiðum nú orðið. Menningareinokun borgarastéttarinnar er enn við lýði og afleiðingin er sem áður myndun nýrra hópa eins og Alþýðuleikhússins, Alþýðumenningar og Gagns og Gamans. Auk þess má nefna að ýmsir róttækir rithöfundar hafa gefið út sjálfir verk sín vegna þess að þeir hafa ekki viljað sætta sig við gróðasjónarmiðið í útgáfustarfseminni og þetta gróðasjónarmið hefur orðið þess valdandi að þeir hafa ekki fengið verk sín útgefin.

Hvenær var þessi félagsskapur stofnaður? Í haust. Aðdragandinn er að vísu nokkru lengri. Frumhugmyndina má rekja til ársins 1974 er nokkrir ísl. námsmenn í Noregi sáu áhrif andstöðunnar gegn aðildinni að EBE þar sem ýmis konar róttækni var beitt. Í fyrravetur ('75-'76) var stofnunin undirbúin með samningu laga og stefnuskrá og svo var stofnfundurinn þann 23ja október s.l.

Hvernig starfar Alþýðumenning? Í starfshópum. Nú eru starfandi



Myndartexti: Mynd þessi er á bakhlið bæklings Alþýðumenningar, sem inniheldur lög samfylkingarinnar og stefnuskrá. Er hún gerð af Þóru Sigurðardóttur meðlimi í myndlistarhópi Alþýðumenningar.

3. Fyrst er það tónlistarhópurinn og er kórinn þekktasti hluti hans. Auk hans má nefna rímnahóp og hóp um plötugagnrýni en þeir eru lítið starfandi ennþá. Myndlistarhópur er starfandi og bókahópur sem hefur gefið út bók sem heitir "KAPÍTALISMI, SÓSÍALISMI, KOMMÚNISMI." og er aðgengilegt frumlestrarefni fyrir þá sem vilja kynna sér marxisma. Var hún þýdd úr dönsku. Nú starfar hann að ritun barnabókar þar sem taka á fyrir eitthvert þjóðfélagslegt vandamál

Liðsmannafundir eru haldnir oft og á þeim eru teknar ákvarðanir um starfið. Á milli þeirra starfar "ráðstjórnin", nokkurs konar framkvæmdanefnd, valda laus í rauninni. Það má segja að hún sé fremur undir samtökunum en yfir þeim.

Hvaða undirtektir hefur starf ykkar hlotið? Mjög góðar. T.d. var troðfullt hús á Menningarvökunni í Lindarbæ 13. febr. s.l. og mjög jákvæð og góð stemming. Þarna var allfjölbreytt dagskrá, söngur, rímur, gamanvísur, upplestur og leikþættir. Einna mesta athygli vakti líklega leikþátturinn "BUR OG GEIS", þ. e. Karíus og Baktus gerðir að kapítalistum

Eru einhver tengsl við pólitíska flokka? Nei, flestir liðsmenn eru m. a. s. óflokksbundnir.

Er það ekki þjóðernisrembingur að berjast fyrir viðgangi íslenskrar alþýðumenningar sérstaklega? Við teljum íslenska menningu út af fyrir sig ekki merkilegri en menningu annarra þjóða. Hins vegar lítum við svo á að því fjölbreyttari menningarstraumar sem þrífast í veröldinni því gróskumeiri verði heimsmenningin. Alger undirtök einnar menningar í menningarlífi leiðir ævinlega til stöðnunar og úrkynjunar hennar.

Hvað er á döfinni? Menningarvaka í vor, m. a. Ekki er enn ákveðið hvenær hún verður.

Eitthvað að lokum? Jú, Alþýðumenningin vex í lundi nýrra skóga.



ÚR BARÁTTUNNI

framhald af síðu 2

tíma í landi. Vinnuálagið, slysahætta og ynnbyrðis samkepni verkamanna eykst, fyrir utan það að mun færri menn þarf að hafa á launaskrá.
Þau rök sem Guðmundur J Guðmundsson notar til að réttlæta akkorðsvinnuna við togaralöndun eru að í plássum út á landsbyggðinni eins og t, d. Ísafirði og Akureyri er unnið í akkorðsvinnu. Á Ísafirði og öðrum plássum af svipaðri stærð koma togarar inn aðeins hálfs mánaðarlega, og úr þeim er landað að mönnum sem stunda aðra atvinnu að aðalstarfi, eins og t. d. bændum og smáatvinnurekendum. Á Akureyri eru það verkamenn hjá KEA sem sjá um alla hafnarvinnu. Þeir sem að unnu þar við höfnina í áratugi var sagt upp vegna þess að þeir voru of harðir á rétti sínum. Þeir fá nú vinnu þegar þörf er á að bæta við vinnuaflið. Í næsta tbl. stéttabaráttunar verður fjallað betur um þessi mál m. a. með viðtölum við verkamenn úr Togaraafgreiðslunni


Öreigar og kúgaðar þjóðir heims sameinist!
Stéttabaráttan


STÉTTABARÁTTAN
11. tbl. 6. árg. 29/3 1977
Útg.: Kommúnistaflokkur Íslands m-l
STÉTTABARÁTTAN kemur út vikulega
Sími: 27810
Gíró 27810-6.
Ábyrgðarm.: Sigurður Ingi Andréson

FRAMHALD AF FORSÍÐU

Of mikið álag - Of lítil laun...

ur ekki verið með í spilinu. Uppsagnir okkar eru löglegar og ríkið ætti að skapa okkur kjör sem eru lífvænleg. Þess vegna ber ríkið mesta ábyrgð á því hvernig komið er."

"Öll neyðarþjónusta kemur á Landsspítalann," segir Sigríður Ben. "en þær segjast ekki geta haldið út nema 3 vikur í röð. Landsspítalinn hefur nú haft neyðarvakt frá því 20. mars og heldur nú áfram."

"En ef Katla gýs, eða ef stórslys ber að höndum?" spyrjum við.

"Hjúkrunarfræðingar munu að sjálfsögðu taka að sér störf ef eitthvað slíkt kemur fyrir endurgjaldsslaust. Við förum ekki út í þetta af fégræðgi, heldur viljum við fá greidd laun fyrir vel unnin störf. Við viljum geta lifað af 40 stunda vinnuviku."

Samstaðan víðtæk og mikill stuðningur við baráttuna.

"Hvernig er samstaðan hjá ykkur"?

"Samstaðan er mjög víðtæk. Yfirgnæfandi meirihluti hjúkrunarfræðinga á Borgarspítalanum, Landakoti og hér á Vífilsstöðum mun segja upp. Auk þess fáum við fullan stuðning frá kollegum okkar á Landsspítalanum og hjúkrunarnemar ætla að hafna aukavöktum meðan á baráttu okkar stendur."

"Er ekki hætta á að einhverjir verði settir í ykkar störf?"

"Ja, nemarnir hafa náttúrulega sínar skyldur við skólann en þær eru skipulagðar langt fram í tímann svo við höldum að ekki verði reynt að nota þá í þessum tilgangi. Sjúkraliðar hafa nýverið lýst yfir stuðningi við okkur og safnað undirskriftum um að ganga ekki inn í okkar störf. Listarnir eru hjá spítölunum og við höfum afrit af þeim. Læknanemafélagið hefur gert sams konar samþykkt. Þeir munu ekki ganga inn í störf okkar."

"Hvað gerist ef ríkið framkvæmir hótanir sínar og lokar spítölunum?"

"Við höfum ekki trú á því, að þetta geti staðið lengi," segir Sigríður Þ. "Við höfum hugsað okkur að halda hópnum saman. Fólk er pínt og ef ekkert er gert til að halda hópnum saman er alltaf hætta á að einn og einn láti freistast til að ráða sig aftur. Samstaðan er eina trygging okkar fyrir sigri."



Er Faxaflói öskuhaugur hersins?

Fyrir stuttu losaði herinn í sjóinn hylki sem notuð hafa verið til að skjóta hlustunarduflum frá flugvélum og það án þess að spyrja hvorki kóng né prest, í þessu tilfelli sjávarútvegsráðuneytið. Herinn fullyrðir að þessi hylki séu skaðlaus. Hvers vegna var þá verið að kasta þeim í sjóinn? Ýmislegt bendir til þess að þau geti sprungið, a.m.k. sum þeirra, þó ekki væri nema sú "öryggisráðstöfun" að henda þeim í sjóinn. En af öllu skrýtnu er afstaða sjávarútvegsráðuneytisins samt skrýtnust. Það hefði nefnilega leyft losun hylkjanna í sjóinn, bara ef það hefði verið spurt um leyfi. Er hægt að beygja sig öllu meira í duftið fyrir hinum erlendu hernámsöflum en að gráta yfir því að fá ekki að vera "já-og-amen" afgreiðslustofnun fyrir þau?

Sjávarútvegsráðuneytið hefði leyft losunina þótt Ísland sé aðili að samkomulagi, kenndu við Ósló og London, um losun úrgangsefna í sjó. Í því felst m.a. að leita skal leiða til endurvinnslu úrgangsefnanna og að þau má ekki losa á minna en 2000 metra dýpi. En dýpi þar sem herinn losaði þetta er 17-20 metrar.

Barátta sjómanna: Sjómenn á stóru togurunum

Stöðugum áróðri er haldið uppi gegn sjómönnum í borgarblöðum. Þar er sífellt klifað á gífurlegum launum sjómanna og eru í því sambandi oft nefndar háar tölur sem eiga að sýna rauntekjur sjómanna. Nýlega var fullyrt að kjör sjómanna hefðu batnað verulega á s.l. ári a.m.k. ef miðað væri við landverkafólk. Þessar "upplýsingar" komu vitaskuld frá talsmönnum LÍÚ. Því nær sem dregur gerð nýrra samninga því greiðari leið á slíkur áróður í gegnum fjölmiðlana.

Í þessari grein er reynt að meta stöðu sjómanna á stórum skuttogurum en þeir semja við FÍB en ekki LÍÚ. Á næstunni verður svo birt önnur grein um raunveruleg kjör þessa hluta sjómanna.

Lærum af reynslunni.

Vorið 1974 voru undirmenn á stóru togurunum í tæpa þrjá mánuði í verkfalli eins og mönnum er enn í fersku minni. Verkfallið var mjög hart og var allt gert til að níða niður verkfallsmenn: Þeir báru sök ina á hráefnisskorti fiskvinnslunnar og atvinnuleysinu sem því fylgdi, mesta þjóðarsmán í lífi íslendinga um áraraðir, o.s.frv., o.s.frv.. En þrátt fyrir hörkuna og þrátt fyrir góða samstöðu sjómanna varð árangur verkfallsins æði rýr og kom þar margt til.

Í fyrsta lagi var tímasetning verkfallsins fáránleg. Áður en verkfallið hófst hafði FÍB (en stærstu aðilar innan þess eru bæjarútgerðir Akureyrar, Reykjavíkur og Hafnarfjarðar gert miklar kröfur til ríkisvaldsins um auknar fyrirgreiðslur. M.a. vildi FÍB að Alþingi fækkaði enn um 4-5 í áhöfn togaranna, en ríkisvaldið þorði ekki að verða við þeirri kröfu. FÍB gat því nýtt sér verkfallið til að fá auknar fyrirgreiðslur í stað þess að það beindist gegn þeim sjálfum.

Þá má nefna að meðvituð stéttsvik forystuklíkunnar í Sjómannasambandinu og Sjómannafélagi Reykjavíkur urðu enn til að draga úr árangrinum Auk þess að boða til verkfallsins á röngum tíma kom forystan í veg fyrir að sjómenn styrktu samstöðu sína með fundahöldum eða að starfandi sjómenn mættu sitja samningafundi. Samúðarverkföll t.d. minni togaranna mátti hún heldur ekki heyra minnst á.

Í þriðja lagi verður að hafa í huga þá reynslu sem undirmenn fengu af sínum yfirmönnum en þeir eru flestir í Farmanna- og Fiskimannasambandi Íslands (FFSÍ). Þó svo að samningar þeirra væru lausir allt verkfallið hófu þeir ekki verkfall fyrr en sýnt var að samningar voru að nást. Það verkfall varð hins vegar stutt því þáverandi sjávarútvegsráðherra Lúðvík Jósefsson setti bráðabirgðalög er gengu nokkun til móts við yfirmenn. Afleiðing verkfallsins varð því ekki aðeins sáralítil kjarabót hjá undirmönnum heldur þýddi það enn vaxandi kjaramunur um borð.

Ekki eru þó öll yfirmannafélögin undir sömu sökina seld í þessu máli því sum félög vélstjóra eru í Sjómannasambandinu. Þau félög tóku þátt í verkfallinu allan tímann. Þegar verkfallið hafði svo staðið á annan mánuð og ljóst var að auðvaldið hugðist brjóta það á bak aftur hófu vélstjórar að skipuleggja samúðarverkföll flutningaskipunum. Í fyrstu reyndu Hafskip, Eimskip og fleiri félög að sleppa við samúðarverkfallið með því að láta skipin ekki koma við hér heima en hóta vélstjórum brottrekstri ef þeir legðu niður vinnu. En brátt tóku skipin að stoppa erlendis og voru skipafélögin krafin um stórar fjárhæðir í hafnargjöld. Þannig jókst stöðugy þrýstingurinn á FÍB að ganga til samninga. Loks þegar ljóst var að FÍB ætlaði að semja og þar með ljúka þessu 89 daga verkfalli hóf FFSÍ eins og fyrr segir verkfall.

Svik ASÍ forystunnar.


Loks verður að minnast á svik ASÍ broddanna því þann smánarblett mun þeim aldrei aldrei takast að þvo af sér. Sjómenn fóru í verkfall með öðrum aðilum ASÍ vitandi þess að órofa samstaða knýr fram bætt kjör allra launþega. En þegar verkfallið hafði staðið yfir í nokkurn tíma undirritaði forystuliðið í ASÍ samningana án nokkurs ákvæðis um að semja yrði við sjómenn. Þá áttu sjómenn bæði eftir að semja um grunnlaunin (sem er stór hluti teknanna á stóru togurunum) og að hindra að um frekari fækkun áhafnarmeðlima yrði að ræða. Til að reyna að slæva gremju sjómanna jafnt sem verkamanna var Gvendur Jaki látinn lýsa því yfir að hann hafi verið mótfallinn þessu en meirihluti miðstjórnar ASÍ undir forystu VR strákanna hefðu ráðið ferðinni. Er það e.t.v. vilji meiri hluta ASÍ að sjómenn og verkafólk beri alltaf minnst úr býtum?

Endurreisum sjómannafélögin.

Í dag er ástandið að því leyti breytt að sjómenn eru orðnir reynslunni ríkari og að þeir hafa valið sér nýja forystu sem þeir treysta og sem verður nú að sýna að hún sé traustsins verð. Núverandi stjórn Sjómannasambandsins undir forystu Óskars Vigfússonar veit að án stuðnings undirmanna á stóru togurunum hefði hún varla sigrað afturhaldið undir forystu Jóns Sigurðssonar, Péturs Sigurðssonar og Gunnars Hallgrímssonar. Sjómannafélagið á Akureyri lýsti yfir stuðningi við Óskar vegna þrýstings frá togarasjómönnum og minni félögin snérust á sveif með núverandi forystu er stuðningsskeyti bárust Óskari inn á Sjómannasambandsþingið frá meginþorra undirmanna á stóru togurunum. Sá hugur sem sjómenn hafa sýnt á fundum víðs vegar um land sýnir glöggt að sjómenn eru staðráðnir í að bæta nú hlut sinn á kostnað útgerðarinnar. En sjómenn verða að halda vöku sinni og halda forystunni við efnið, því annars gleymir hún fljótt uppruna sínum. Þetta gildir ekki aðeins um forystuna í Sjómannasambandinu heldur ekki síður um forystu í sérhverju félagi eða deild.

Sjómenn. Næst verðum við að hreinsa til í Sjómannafélagi Reykjavíkur. Út með Pétur Sigurðsson úr stjórn SR og Sjómannadagsráði.

-/ Rvk. 20.3. '77.



GERIST ÁSKRIFENDUR
Stéttabaráttan vikublað